

Tilmæli 17/2018

Fyrri skjalsnúmer	B 325/presidiet/C 2
Afgreiðsla	Forsætisnefndin
Fylgiskjal	Nefndarálit um ráðherranefndartillögu um fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2019

Fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2019

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 31. október 2018 eftirfarandi tilmæli að tillögu forsætisnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að Norrænar orkurannsóknir (NEF) greini á árinu 2019 sóknarfærni í sjálfbærri notkun lífmassa á Norðurlöndum, einkum hvað varðar samgöngur og upphitun. Beita ber evrópski og hnattrænni nálgun eins og nokkur er kostur við greininguna og taka mið af þeirri vinnu á sviðinu sem Norrænar orkurannsóknir stunda nú þegar. Til verkefnisins eru ætluð 300.000 danskra króna frá Norrænum orkurannsóknum og 100.000 danskra króna af framlögum til verkefna tengdum skógrækt;

að á vegum sérskipaðrar ráðherranefndar um stafræna væðingu (MR-DIGITAL) verði ráðstafað að minnsta kosti 800.000 danskra króna af fjárhagsáætlun 2019 í því skyni að koma á gagnkvæmri viðurkenningu á rafrænum auðkennum landanna með það markmið að Norðurlönd verði heildrænt svæði hvað þau varðar;

að ráðstafa 200.000 danskra króna af lið ráðherranefndar um umhverfis- og loftslagsmál til að hefja starfsemi í því augnamiði að draga úr losun örplasts sem getur borist í hafið og leggja sérstaka áherslu á hjólbarða sem eru helsti skaðvaldurinn. Starfsemin hefjist með því að gera yfirlit um aðgerðir í hverju einstöku landi;

að ráðstafa 4.000.000 danskra króna af framlögum til forgangsmála í fjárhagsáætlun ársins 2019 til forgangsverkefnis Svía „Fjarlækningar og rafrænir lyfseðlar yfir landamæri“ sem einnig felur í sér stafræna þróun á „nálægri heilbrigðisþjónustu“.



Kaupmannahöfn, 5. nóvember 2018

Michael Tetzschner

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs